

## Zoom siðareglur Hugarafli

- Æskilegt er að mæta á Zoom fund 5 mínútum áður en hann hefst til að hægt sé að byrja fundinn á tilsettum tíma. Hópstjóri hvers fundar metur og setur reglur um það hvort að fólki verði hleypt inn eftir að fundur hefur hafist og tímamörk þar að lútandi. Alltaf er í boði að hafa samband við hópstjóra varðandi undanþágu frá þessari reglu.
- Dagskrá og hlekkir fyrir alla opna Zoom fundi er deilt á Facebooksíðunni Hugarafli 2020 og á Slack svæði Hugarafli. Hlekkir (linkar) fyrir lokaða fundi og vinnuhópa er deilt á viðkomandi svæðum. Ekki má deila hlekkjum að fundunum með óviðkomandi aðilum.
- Trúnaður gildir á Zoom eins og á öðrum fundum og ef að það eru aðrir í sama rými og þú, biðjum við um að þú sért með heyrnartól og passir að óviðkomandi aðilar sjái ekki fundargesti.
- Við sýnum hvort öðru virðingu, nálægð og nærgætni. Erum á staðnum og hlustum þegar að fólk tjáir sig, klæðum okkur og komum fram eins og ef við værum á fundi í húsi.
- Við erum í mynd alltaf þegar það er mögulegt en ekki ef að myndefnið eða bakgrunnur er truflandi.
  - Við pössum að notandanafnið (username) sé okkar nafn.
  - Við erum ekki með hljóðið á nema þegar við erum að tjá okkur.
  - Höldum myndavélinni stöðugri og ekki flakka um með tækið.
  - Ef þú þarft að færa þig til er hægt að slökka á myndavélinni á meðan.
  - Ekki skal neyta matar í mynd en drykkir eru í góðu lagi.
  - Ekki reykja sigarettur eða rafrettur í mynd.
  - Mögulegt er að athuga með að fá leyfi til að hafa slökkt á myndavélinni ef líkamleg eða andleg heilsa er slæm eða aðrar aðstæður krefjast þess.
- Hægt er að nota spjallið (chat) til að deila hlekkjum eða upplýsingum, ekki er æskilegt að spjalla þar en þú getur beðið um orðið með því að rétta upp hönd með "Raise hand" í Participants.
- Það er ekki leyfilegt að neyta áfengis eða annarra vímuefna á fundum eða vera undir áhrifum þeirra.
- Fundarstjóri hefur leyfi til að takmarka umræður, slökka á tali eða jafnvel vísa fólki út af fundinum ef viðkomandi fer yfir mörk annarra fundargesta með óviðeigandi orðfæri eða tjáningu.

Unnið af Hugarafli-félögum, samþykkt á Hugarafli-fundi þann 11. nóvember 2020.